

Kennsluhættir

Í Hússkóla er áhersla lögð á einstaklingsmiðað nám. Kennslan miðar að því að nemendur nái þeim námsmarkmiðum sem að er stefnt og styðji við nemendur við að tileinka sér þá hæfni, þekkingu, skilning og færni sem þeir þurfa að ná.

Áhersla er á lögð á fjölbreytta kennsluhætti og skapandi vinnu ásamt fjölbreyttri og gagnkvæmri endurgjöf þar sem nemendur færa rök fyrir máli sínu og líta gagnrýnum augum á námið og kennsluna. Nemandinn þarf að vita hvaða hæfni hann á að ná, hvert viðmið um árangur er, hvernig hann nái þeim hæfniviðmiðum sem liggja fyrir og hver útkoman á að vera. Forsenda námsins er áhugi nemenda, að þeir séu ávallt meðvitaðir um námsmarkmið sín, viti hvert þeir stefna og hvernig þeir geti náð markmiðum sínum.

Kennsluaðferðir og vinnubrögð taka tillit til þroska og getu nemenda. Unnið er út frá hugmyndafræði leiðsagnarnáms þar sem áhersla er lögð á vaxtarhugarfar þ.e. trú á að nemandi geti þróað hæfileika sína og hæfni með vinnusemi, góðum aðferðum og hjálp frá öðrum. Nemendur takast á við ýmsar áskoranir sem efla þrautseigju og litið er á mistök sem námstækifæri.

Húsaskóli hefur þróað þematengt nám út frá hugmyndafræði leiðsagnarnáms. Markmiðið með þematengdu námi er að þróa fjölbreyttari náms- og kennsluhætti þar sem meginviðfangsefnin eru að mestu eða að öllu leyti samþætt við sem flestar námsgreinar. Viðfangsefni hverju sinni eru sett í breiðara samhengi en almennt gerist. Með þessari aðferðafræði öðlast nemendur oft betri og dýpri skilning á náminu og víðsýnin eykst.

Sveigjanleiki innan námssviða í samræmi við viðmiðunarstundaskrá:

Val í 5. – 7. bekk

Nemendur í 5.-7. bekk er boðið uppá val og geta valið á milli námskeiða í listgreinum, verkgreinum, íþróttum, útikennslu og upplýsinga- og tæknimennt fjórum sinnum í viku. Í Valinu blandast nemendur miðstigs eftir áhuga þeirra á því sem er í boði hverju sinni.

Valið nær til átta kennslustunda á viku, þ.e. Val A er 2x í viku, tvær kennslustundir í senn og Val B er sett upp með sama hætti. Skólaárið skiptist í fimm val tímabil, tvö fyrir áramót og þrjú eftir áramót. Á hverju val tímabili eru tvö valnámskeið í boði þ.e. Val A og Val B. Nemendur velja sér og upplifa 10 valnámskeið yfir skólaárið. Nemendur velja sér Val A og Val B á um það bil sjö vikna fresti á þar til gerð valblöð í samráði við foreldra sem þurfa að skrifa undir og samþykkja valið áður en því er skilað.

Dæmi um val sem hefur verið í boði er t.d. teiknimyndasögugerð, landart, áhugasviðsverkefni, vélsaumur, myndlist, bolta íþróttir, hjólaval, hlaup, þrjón, forritun, leiklist, tónlist, matur og menning í heimilisfræði, útikennsla og margt fleira.

Markmið verkefnisins er að stuðla að auknum samskiptum nemenda milli árganga, að efla vinnugleði og gefa nemendum kost á að velja sér viðfangsefni og auka þannig lýðræði í skólastarfi. Námsmat í vali byggist á hæfniviðmiðum aðalnámskrár sem og frammistöðumati. Eins og áður hefur komið fram er hvert val tímabil blanda af tækniverkefnum, verklegri vinnu, hreyfingu og verkefnum sem fela í sér áskorun af einhverju tagi. Kannanir sem gerðar hafa verið sýna fram á að á milli 90-98% nemenda og foreldra eru ánægðir með slíkt fyrirkomulag í skólastarfi. Vinnugleði, samskipti og þátttaka er einkennandi fyrir þessar kennslustundir, sem hefur smitandi áhrif yfir í aðrar kennslustundir.